

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

COMETRIQ 20 mg hörð hylki

2. INNIHALDSLÝSING

Eitt hart hylki inniheldur cabozantinib (*S*)-malat sem samsvarar 20 mg af cabozantinibi. Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Hart hylki.

Hörðu hylkin eru grá með áletruninni „XL184 20mg“ í svörtum lit. Hylkið inniheldur beinhvítt eða hvítt duft.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

COMETRIQ er ætlað til meðferðar við ágengu kjarnakrabbameini í skjaldkirtli (medullary thyroid cancer (MTC)) hjá fullorðnum sjúklingum með óskurðtækt krabbamein, sem er staðbundið langt gengið eða með meinvörpum.

Hjá sjúklingum sem eru neikvæðir með tilliti til RET stökkbreytingar (endurröðun við genaflutning (Rearranged during transfection)) eða þar sem staða stökkbreytingar er ekki þekkt, skal hafa í huga, áður en tekin er ákvörðun um hvort veita skuli einstaklingi meðferð, að ávinningur getur verið minni (sjá mikilvægar upplýsingar í köflum 4.4 og 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Meðferð með COMETRIQ skal hafin af lækni sem hefur reynslu af notkun krabbameinslyfja.

Skammtar

Ráðlagður skammtur af COMETRIQ er 140 mg einu sinni á dag, tekinn sem eitt 80 mg appelsínugult hylki og þrjú 20 mg grá hylki. Meðferð skal haldið áfram þar til sjúklingurinn hefur ekki lengur klínískan ávinning af meðferðinni eða þar til óásættanlegar eiturverkanir koma fram.

Búast má við að hjá meirihluta þeirra sjúklinga sem fá COMETRIQ þurfi að aðlaga skammta einu sinni eða oftár (minnkun skammta og/eða meðferðarhlé) vegna eituráhrifa. Því skal fylgjast vel með sjúklingum fyrstu átta vikur meðferðar (sjá kafla 4.4).

Viðbrögð við aukaverkunum geta leitt til tímabundinnar stöðvunar meðferðar og/eða minnkunar skammta við COMETRIQ meðferð. Þegar nauðsynlegt er að minnka skammta er ráðlagt að minnka fyrst skammtinn í 100 mg á dag, sem tekinn er sem eitt 80 mg appelsínugult hylki og eitt 20 mg grátt hylki og svo í 60 mg á dag, sem tekinn er sem þrjú 20 mg grá hylki.

Ráðlagt er að gera hlé á meðferð vegna eiturverkana af CTCAE stigi 3 eða hærra eða eiturverkana af stigi 2 sem eru óbærilegar.

Mælt er með minnkun skammta ef um er að ræða aukaverkanir sem gætu orðið alvarlegar eða óbærilegar ef þær yrðu viðvarandi.

Þar sem flestar aukaverkanir geta komið fram snemma á meðferðartímanum skal læknirinn fylgjast vel með sjúklingnum fyrstu átta vikur meðferðar til að meta hvort skammtaaðlögun er nauðsynleg. Aukaverkanir sem koma almennt snemma fram eru m.a. blóðkalsíumlækkun, blóðkalíumlækkun, blóðflagnafæð, háþrýstingur, handa- og fótaheilkenni (palmar-plantar erythrodysaesthesia syndrome (PPES)) og aukaverkanir í meltingarvegi (verkir í kvið eða munn, bólgur í slímhúð, hægðatregða, niðurgangur, uppköst).

Sumar alvarlegar aukaverkanir (á borð við fistil í meltingarvegi) geta verið háðar uppsöfnuðum skammti og kunna að koma fram síðar á meðferðartímanum.

Ef sjúklingur gleymir að taka skammt skal ekki bæta þann skammt upp ef taka á næsta skammt innan 12 klukkustunda.

Samhliða notkun annarra lyfja

Sýna skal aðgát við samhliða notkun lyfja sem eru öflugir CYP3A4 hemlar og forðast skal langtíma notkun lyfja sem eru öflugir CYP3A4 örvar (sjá kafla 4.4 og 4.5).

Íhuga skal val á lyfjum sem hafa lítil eða engin áhrif sem hemlar eða örvar á CYP3A4 til samhliða notkunar.

Aldraðir

Ekki er mælt með sérstakri skammtaaðlögun vegna notkunar cabozantinibs hjá öldruðum (≥ 65 ára). En sést hefur tilhneiging til aukinnar tíðni alvarlegra aukaverkana hjá einstaklingum 75 ára og eldri.

Kynþáttur

Lítill reynsla er af notkun cabozantinibs hjá sjúklingum af öðrum kynþáttum en þeim hvíta.

Skert nýrnastarfsemi

Cabozantinib skal notað með varúð hjá sjúklingum með vægt eða miðlungs skerta nýrnastarfsemi. Ekki er mælt með notkun cabozantinibs hjá sjúklingum með alvarlega skerta nýrnastarfsemi þar sem ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun hjá þeim sjúklingahópi.

Skert lifrarástarfsemi

Hjá sjúklingum með vægt eða miðlungs skerta lifrarástarfsemi er ráðlagður skammtur cabozantinibs 60 mg á dag. Fylgjast skal með aukaverkunum og aðlaga skammta, eða gera hlé á meðferð eins og nauðsynlegt þykir (sjá kafla 4.2). Ekki er mælt með notkun cabozantinibs hjá sjúklingum með alvarlega skerta lifrarástarfsemi þar sem ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun hjá þeim sjúklingahópi.

Sjúklingar með skerta hjartastarfsemi

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um sjúklinga með skerta hjartastarfsemi. Ekki er hægt að ráðleggja ákveðna skammta.

Börn

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun cabozantinibs hjá börnum yngri en 18 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

Hylkin skal gleypa heil og þau má ekki opna. Ráðleggja skal sjúklingum að borða ekki a.m.k. 2 klst. fyrir og 1 klst. eftir inntöku COMETRIQ.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu / virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Í klínísku lykilrannsókninni voru skammtar minnkaðir hjá 79% og gert hlé á meðferð hjá 72% sjúklinga sem fengu cabozantinib. Hjá 41% sjúklinga þurfti að minnka skammta tvisvar. Miðgildi tímans fram að fyrstu skammtaminnkun var 43 dagar og 33 dagar fram að fyrsta hléi á meðferð. Því er ráðlagt að fylgjast vel með sjúklingum fyrstu átta vikur meðferðar (sjá kafla 4.2).

Rof í meltingarvegi, fistill og ígerð í kviðarholi

Alvarleg rof í meltingarvegi og fistlar, sem geta verið banvæn og ígerð í kviðarholi hafa komið fram við notkun cabozantinibs. Sjúklingar sem nýlega hafa gengist undir geislameðferð, eru með bólgusjúkdóm í meltingarvegi (t.d. Crohns sjúkdóm, sáraristilbólgu eða sarpbólgu), eru með meinvörp í barka, berkju eða vélinda, stríða við aukaverkanir vegna aðgerðar á meltingarvegi (einkum í tengslum við seinkaða eða ófullkomna græðslu), eða stríða við aukaverkanir vegna fyrri geislameðferðar á brjóstholi (þ.m.t. miðmæti) skulu gangast undir ítarlegt mat áður en meðferð hefst með cabozantinibi og fylgjast skal vel með einkennum sem tengjast rofi og fistlum meðan á meðferð stendur. Útiloka skal fistla utan meltingarvegjar, eins og við á, ef upp kemur slímubólga eftir að meðferð hefst. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum sem fá rof í meltingarvegi eða fistil í eða utan meltingarvegjar.

Segarekstilvik

Komið hafa upp tilvik segareks í bláæðum og segareks í slagæðum við notkun cabozantinibs. Nota skal cabozantinib með varúð hjá sjúklingum sem eiga slíkt á hættu eða hafa sögu um slíkt. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum sem fá brátt hjartadrep eða aðrar aukaverkanir tengdar segareki í slagæðum sem eru klínískt mikilvægar.

Blæðingar

Blæðingar hafa komið fram við notkun cabozantinibs. Sjúklingar með merki um æxli í barka eða berkjum eða sögu um blóðhósta fyrir upphaf meðferðar skulu metnir vandlega áður en meðferð með cabozantinibi hefst. Cabozantinib skal ekki gefa sjúklingum með alvarlegar blæðingar eða sem nýlega hafa fengið blóðhósta.

Vandamál vegna sára

Komið hafa upp vandamál við græðslu sára við notkun cabozantinibs. Stöðva skal meðferð með cabozantinibi a.m.k. 28 dögum fyrir skurðaðgerð, ef mögulegt er. Ákvörðun um hvort hefja skuli cabozantinib meðferð að nýju eftir aðgerð skal byggja á klínísku mati á fullnægjandi græðslu sára. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum þar sem vandamál við græðslu sára þarfnast lækni meðferðar.

Háþrýstingur

Háþrýstingur hefur komið fram við notkun cabozantinibs. Fylgjast skal með blóþrýstingi hjá öllum sjúklingum og veita þeim hefðbundna meðferð við háþrýstingi eftir þörfum. Ef um er að ræða viðvarandi háþrýsting þrátt fyrir notkun háþrýstingslyfja skal lækka skammta cabozantinibs. Hætta skal notkun cabozantinibs ef háþrýstingur er alvarlegur og viðvarandi þrátt fyrir notkun háþrýstingslyfja og lækun skammta cabozantinibs. Ef upp kemur lífshættuleg blóðþrýstingshækkun (hypertensive crisis) skal hætta notkun cabozantinibs.

Beindrep

Upp hafa komið tilvik beindreps í kjálka við notkun cabozantinibs. Skoða skal munn áður en meðferð með cabozantinibi hefst og reglulega meðan á meðferð stendur. Ráðleggja skal sjúklingum að sinna munnhirðu. Hætta skal meðferð með cabozantinibi a.m.k. 28 dögum fyrir ífarandi aðgerð í munni, ef mögulegt er. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum sem fá lyf sem tengjast beindrepi í kjálka, s.s. bisfosfonöt. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum sem fá beindrep í kjálka.

Handa- og fótaheilkenni

Handa- og fótaheilkenni (palmar-plantar erythrodysaesthesia syndrome (PPES)) hefur komið fram við notkun cabozantinibs. Í alvarlegum tilfellum PPES skal íhuga að gera hlé á meðferð með

cabozantinibi. Hefja skal meðferð með cabozantinibi að nýju með minni skammti þegar PPES er komið niður á stig 1.

Prótein í þvagi

Prótein í þvagi hefur komið fram við notkun cabozantinibs. Fylgjast skal reglulega með próteini í þvagi meðan á meðferð með cabozantinibi stendur. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum sem fá nýrungaheilkenni.

Afturkræft baklægt innlyksuheilabólguheilkenni (Reversible posterior leukoencephalopathy syndrome (RPLS))

Afturkræft baklægt innlyksuheilabólguheilkenni (Reversible posterior leukoencephalopathy syndrome (RPLS), einnig þekkt sem afturkræft aftara heilakvillaheilkenni (Posterior reversible encephalopathy syndrome (PRES))) hefur komið fram við notkun cabozantinibs. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum með RPLS.

Lenging á QT-bili

Nota skal cabozantinib með varúð hjá sjúklingum með sögu um lengingu QT-bils, sjúklingum sem taka lyf við hjartsláttartruflunum eða sjúklingum með undirliggjandi hjartasjúkdóma, hægtakt eða blóðsaltaraskanir sem máli skipta. Við notkun cabozantinibs skal íhuga reglubundna töku hjartalínurits og rannsóknir á blóðsöltum (kalsíum, kalíum og magnesíum í sermi). Gæta skal varúðar við samhliða meðferð með öflugum CYP3A4 hemlum sem geta aukið styrk cabozantinibs í plasma.

CYP3A4 örvar og hemlar

Cabozantinib er hvarfefni CYP3A4. Samhliða notkun cabozantinibs og ketókónazóls, sem er öflugur CYP3A4 hemill, olli auknum styrk cabozantinibs í plasma. Gæta skal varúðar þegar cabozantinib er gefið með lyfjum sem eru öflugir hemlar á CYP3A4. Samhliða notkun cabozantinibs og rífampisíns, sem er öflugur örvi á CYP3A4 olli minnkuðum styrk cabozantinibs í plasma. Því skal forðast langtímanotkun lyfja sem eru öflugir örvar á CYP3A4 samhliða cabozantinibi (sjá kafla 4.2 og 4.5).

P-glýkóprótein hvarfefni

Cabozantinib var hemill á ($IC_{50} = 7,0 \mu M$), en ekki hvarfefni fyrir P-glýkóprótein (P-gp) flutningsvirkni í tviátta greiningarkerfi sem notaði MDCK-MDR1 frumur. Því kann cabozantinib að hafa getu til að auka styrk P-gp hvarfefna í plasma sem notuð eru samhliða cabozantinibi. Því skal vara sjúklinga við notkun P-gp hvarfefna (t.d. fexófenadíns, aliskírens, ambrisentans, dabigatra etexilats, dígoxíns, kolsíkíns, maravíríks, posakónazóls, ranolazíns, saxagliptíns, sitagliptíns, talinolóls, tolvaptans) samhliða cabozantinibi.

MRP2 hemlar

Notkun MRP2 hemla getur aukið styrk cabozantinibs í plasma. Því ætti að gæta varúðar við samhliða notkun MRP2 hemla (t.d. cýklósporíns, efavírens, emtricitabíns) og cabozantinibs.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Áhrif annarra lyfja á cabozantinib

CYP3A4 hemlar og örvar

Þegar heilbrigðum sjálfboðaliðum var gefið ketókónazól, sem er öflugur CYP3A4 hemill (400 mg á dag í 27 daga) minnkaði úthreinsun cabozantinibs (um 29%) og útsetning í plasma eftir stakan skammt cabozantinibs jókst um 38% (AUC). Því skal gæta varúðar við samhliða notkun öflugra CYP3A4 hemla (t.d. rítónavírs, ítrakónazóls, erýtrómýsíns, claritrómýsíns, greipaldinsafa) og cabozantinibs.

Þegar heilbrigðum sjálfboðaliðum var gefið rífampisín, sem er öflugur CYP3A4 örvi (600 mg á dag í 31 dag) jókst úthreinsun cabozantinibs (4,3-falt) og útsetning í plasma eftir stakan skammt cabozantinibs minnkaði um 77% (AUC). Því skal forðast langtímanotkun öflugra CYP3A4 örva (t.d. fenýtóíns, karbamazepíns, rífampisíns, fenóbarbitals eða jurtafjafa sem innihalda jóhannesarjurt (*Hypericum perforatum*)) samhliða cabozantinibi.

Lyf sem breyta pH í magavökva

Þegar heilbrigðum sjálfboðaliðum var samhliða gefinn prótónpumpuhemillinn esómeprazol (40 mg daglega í 6 daga) og einfaldur skammtur af 100 mg cabozantinibi hafði það engin klínísk marktæk áhrif á útsetningu cabozantinibs í plasma (AUC). Breyting á skammtastærð er ekki nauðsynleg þegar lyf, sem breyta pH í magavökva (t.d. PPI, H2 viðtakamótlyf og sýrubindandi lyf) eru gefin samhliða cabozantinibi.

MRP2 hemlar

Gögn úr *in vitro* rannsóknum sýna að cabozantinib er hvarfefni MRP2. Því getur notkun MRP2 hemla aukið styrk cabozantinibs í plasma.

Lyf sem binda gallsölt

Lyf sem binda gallsölt, svo sem cholestýramín og cholestagel kunna að hafa áhrif á frásog (eða endurfrásog) cabozantinibs og mögulega dregið úr útsetningu þess (sjá kafla 5.2). Klínískt mikilvægi þessarar hugsanlegu milliverkunar er óþekkt.

Áhrif cabozantinibs á önnur lyf

Áhrif cabozantinibs á lyfjahvörf getnaðarvarnarstera hafa ekki verið rannsökuð. Þar sem ekki er hægt að tryggja óbreytta virkni getnaðarvarnar er ráðlagt að nota viðbótargetnaðarvörn án hormóna (barrier contraception).

Vegna þess að cabozantinib binst plasmapróteinum í ríkum mæli (sjá kafla 5.2) er hugsanlegt að lyfið milliverki við warfarín með fráhrindingu (displacement) við plasmaprótein. Fylgjast á með INR-gildum ef þessi lyf eru gefin samhliða.

P-glycoprótein hvarfefni

Cabozantinib var hemill á ($IC_{50} = 7,0 \mu M$), en ekki hvarfefni fyrir P-gp flutningsvirkni í tviátta greiningarkerfi sem notaði MDCK-MDR1 frumur. Því kann cabozantinib að hafa getu til að auka styrk P-gp hvarfefna í plasma sem notuð eru samhliða cabozantinibi. Því skal vara sjúklinga við notkun P-gp hvarfefna (t.d. fexófenadíns, aliskírens, ambrisentans, dabigatra etexílat, dígoxíns, kolsíkíns, maravíríks, posakónazóls, ranolazíns, saxagliptíns, sitagliptíns, talinolóls, tolvaptans) samhliða cabozantinibi.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Konur á barneignaraldri/getnaðarvarnir hjá körlum og konum

Ráðleggja verður konum á barneignaraldri að forðast þungun á meðan cabozantinib er notað. Konur karla sem nota cabozantinib verða einnig að forðast þungun. Bæði karl- og kvensjúklingar og makar þeirra verða að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferðinni stendur og í a.m.k. 4 mánuði eftir að henni lýkur. Þar sem getnaðarvarnir til inntöku eru hugsanlega ekki „örugg getnaðarvörn“ skal nota þær ásamt annarri getnaðarvörn án hormóna, svo sem verjum (sjá kafla 4.5).

Meðganga

Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á þunguðum konum sem nota cabozantinib. Dýrarannsóknir hafa sýnt áhrif á fósturvísu/fóstur og vansköpun (sjá kafla 5.3). Möguleg hættu fyrir menn er ekki þekkt. Ekki má nota cabozantinib á meðgöngu nema meðferð með cabozantinibi sé nauðsynleg vegna sjúkdómsástands konunnar.

Brjóstgjöf

Ekki er þekkt hvort cabozantinib/umbrotsefni skiljast út í brjóstamjólk. Vegna mögulegra skaðlegra áhrifa á ungbarnið skulu mæður hætta brjóstgjöf meðan á meðferð með cabozantinibi stendur og í a.m.k. 4 mánuði eftir að meðferð lýkur.

Frjósemi

Ekki liggja fyrir gögn um frjósemi hjá mönnum. Niðurstöður sem ekki eru klínískar benda til að cabozantinib kunni að hafa áhrif á frjósemi hjá bæði körlum og konum (sjá kafla 5.3). Því ættu bæði karlar og konur að leita ráðgjafar og íhuga að varðveita sæði eða egg áður en meðferð hefst.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Cabozantinib hefur væg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Aukaverkanir á borð við þreytu og máttleysi hafa verið tengdar cabozantinibi. Því skal gæta varúðar við akstur eða notkun véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á aukaverkunum

Algengustu alvarlegu aukaverkanirnar sem tengdust cabozantinibi eru lungnabólga, bólga í slímhúð, blóðkalsíumlækkun, kyngingartregða, vessaþurrð, lungnablóðsegarek og háþrýstingur. Algengustu aukaverkanirnar af öllum tíðniflokkum (sem komu fram hjá a.m.k. 20% sjúklinga) voru m.a. niðurgangur, handa- og fótaheilkenni (PPES), þyngdartap, minnkuð matarlyst, ógleði, þreyta, bragðtruflun, breyting á hárlit, háþrýstingur, munnbólga, hægðatregða, uppköst, slímubólga, þröttleysi og raddtruflun.

Algengustu breytingar á rannsóknarniðurstöðum voru aukning í aspartat amínótransferasa (AST), aukning í alanín amínótransferasa (ALT), aukning í alkalískum fosfatasa (ALP), eíttilfrumnafæð, blóðkalsíumlækkun, daufkyrningafæð, blóðflagnafæð, blóðfosfatlækkun, gallrauðadreyri, blóðmagnesíumlækkun og blóðkalíumlækkun.

Tafla með samantekt á aukaverkunum

Aukaverkanir eru taldar upp í Töflu 1 í samræmi við MedDRA flokkun eftir líffærum og tíðniflokka. Tíðni byggir á öllum stigum og er skilgreind á eftirfarandi hátt: mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1,000$ til $< 1/100$), tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum). Innan hvers tíðniflokks eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 1: Aukaverkanir sem tilkynnt hefur verið um við notkun cabozantinibs

MedDRA Flokkun eftir líffærum	Mjög algengar ($\geq 1/10$)	Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)	Sjaldgæfar ($\geq 1/1,000$ til $< 1/100$)	Tíðni ekki þekkt
Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra		ígerð (þ.m.t. í iðrum, húð, tönnum), lungnabólga, hárslíðursbólga, sveppasýking (þ.m.t. í húð, munni, kynfærum)	aspergilloma	
Innkirtlar		skjaldvakaskortur		
Efnaskipti og næring	minnkuð matarlyst, blóðkalsíumlækkun, blóðfosfatlækkun, gallrauðadreyri, blóðkalíumlækkun, blóðmagnesíumlækkun	vessaþurrð, blóðalbúmínlækkun		
Geðræn vandamál		kvíði, þunglyndi, ringlunarástand	óeðlilegir draumar, óráð	

MedDRA Flokkun eftir líffærum	Mjög algengar (≥ 1/10)	Algengar (≥ 1/100 til < 1/10)	Sjaldgæfar (≥ 1/1,000 til < 1/100)	Tíðni ekki þekkt
Taugakerfi	bragðtruflun, höfuðverkur, svimi	heilaslag, úttaugakvilli, náladofi, bragðleysi, skjálfti	hreyfiglöp, athyglustruflun, lifrarheilakvilli, meðvitundarleysi, taltruflanir, afturkræft aftara heilakvillaheilkenni	
Augu		þokusýn	drer, tárubólga	
Eyru og völundarhús		eyrnaverkur, eyrnasuð	heyrnarskerðing	
Hjarta		gáttatif	hjartaöng, ofanslegilshraðtakturnur	hjartadrep
Æðar	háþrýstingur	lágþrýstingur, bláæðasegamyndun, fölvi, kuldi í útlimum	slagæðasegamyndun	
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti	raddtruflun, verkur í munnkoki	fistill utan meltingarveggar (þ.m.t. í barka, miðmætisloft, barka- og vélinda), lungnasegarek, blæðingar í öndunarvegi (þ.m.t. lungum, berkjum, barka), ásvelgjulungnabólga	lungnasamfall, kokkþjúgur, millivefsþjúgbólga lungna	
Meltingarfæri	niðurgangur, ógleði, munnbólga, hægðatregða, uppköst, kviðverkir, meltingartruflanir, kyngingartregða, tungusviði	rof á meltingarvegi, blæðingar í meltingarvegi, brisbólga, gyllinæð, endaparmssprungur, bólgur í endaparmi, varabólga	fistill í meltingarvegi, vélindabólga	
Lifur og gall		gallsteinaveiki		
Húð og undirhúð	handá- og fótaheilkenni, breytingar á hárlit, útbrot, húðþurrkur, hármisssir, hörundsroði	siggmein, örtur, blöðrur, óeðlilegur hárvöxtur, húðflögnun, skortur á litarefnum í húð	húðsár, háráðavíkkun	

MedDRA Flokkun eftir líffærum	Mjög algengar (≥ 1/10)	Algengar (≥ 1/100 til < 1/10)	Sjaldgæfar (≥ 1/1,000 til < 1/100)	Tíðni ekki þekkt
Stoðkerfi og stoðvefur	liðverkur, vöðvakrampar	verkur frá brjóstgrind, beindrep í kjálka	rákvöðvalýsa	
Nýru og þvagfæri		prótínuga, þvaglátstregða, blóðmiga	bráð nýrnabilun	
Æxlunarfæri og brjóst			tíðateppa, leggangablæðingar	
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	þreyta, slímubólga, þröttleysi	skert græðsla sára, hrollur, bjúgur í andliti	blöðrur, verkur í andliti, staðbundinn bjúgur	
Rannsóknarniðurstöður	þyngdartap, hækkað ALT, AST og ALP í sermi, hækkað LDH í blóði, hækkað TSH í blóði, eítífrumnaefæð, daufkyrningafæð, blóðflagnaefæð	aukning kreatínkínasa í blóði	stytur virkjaður þromboplastíntími, fjölgun eósínfíkla, aukning blóðflagna	

Lýsing á völdum aukaverkunum

Gildi skjaldvakakveikju (TSH) yfir eðlilegum mörkum kom fram eftir fyrsta skammt hjá 57% sjúklinga sem fengu cabozantinib samanborið við 19% sjúklinga sem fengu lyfleysu (án tillits til upphafsgildis). Níutíu og tvö prósent sjúklinga sem fengu cabozantinib höfðu farið í skjaldkirtilsbrotnám og 89% tóku skjaldkirtilshormón áður en fyrsti skammtur var tekinn.

Lenging QT-bils miðað við upphafsgildi, með Fridericia leiðréttingu (QTcF) sem nam 10 - 15 ms á degi 29 (en ekki á degi 1) eftir upphaf cabozantinib meðferðar (með 140 mg qd skammti) kom fram í klínískri rannsókn með samanburðarhópi á krabbameinssjúklingum. Þessi áhrif tengdust ekki breytingum á lögun hjartalínurits eða nýjum takti. Engir sjúklingar sem fengu cabozantinib höfðu QTcF >500 ms.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#)

4.9 Ofskömmun

Ekki er nein sértæk meðferð við ofskömmun cabozantinibs og hugsanleg einkenni ofskömmunar eru ekki þekkt.

Ef grunur leikur á ofskömmun skal hætta meðferð með cabozantinibi og hefja stuðningsmeðferð. Fylgjast skal með klínískum rannsóknarniðurstöðum á efnaskiptum minnst vikulega eða eins og talið er klínískt nauðsynlegt til að meta hugsanlegar breytingar. Meðhöndla skal einkenni aukaverkana í tengslum við ofskömmun.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Æxlishefjandi lyf, próteínkínasahemill, ATC flokkur: L01XE26

Verkunarháttur

Cabozantinib er lítil sameind sem er hemill á fjölda týrosínkínasaviðtaka (receptor tyrosine kinase (RTK)) sem tengjast æxlisvexti og nýæðamyndun, sjúklegum efnaskiptum beina og framgangi krabbameins með meinvörpum. Hemlunarvirgni cabozantinibs á ýmsa kínasa var metin or reyndist það hemill á MET (hepatocyte growth factor receptor protein) og VEGF (æðabelsvaxtaþáttur) viðtaka. Auk þess er cabozantinib hemill á aðra týrosínkínasa á borð við RET, GAS6 viðtakann (AXL), stofnfrumuþáttarviðtakann (KIT) og Fms-líkan týrosínkínasa-3 (FLT3).

Lyfhrif

Cabozantinib sýndi skammtaháð, hamlandi áhrif á æxlisvöxt, æxlisminnkun og/eða hamlaði meinvörpum í fjölbreyttum forklínískum æxlislíkönum.

Áhrif cabozantinibs kom fram hjá sjúklingum með kjarnakrabbamein í skjaldkirtli sem höfðu villigerð RET eða stökkbreytt RET.


Klínískar upplýsingar varðandi kjarnakrabbamein í skjaldkirtli

Fjölsetra, slembuð, tvíblind rannsókn sem bar saman cabozantinib (N = 219) og lyfleysu (N = 111) var gerð hjá sjúklingum með óskurðtækt kjarnakrabbamein í skjaldkirtli, sem var staðbundið langt gengið eða með meinvörpum og framgang sjúkdóms sem staðfestur var með röntgenmynd innan 14 mánaða fyrir upphaf rannsókna. Meginmarkmiðið var að bera saman lifun án versunar sjúkdóms (progression-free survival (PFS)) hjá sjúklingum sem fengu cabozantinib samanborið við sjúklinga sem fengu lyfleysu. Önnur markmið voru að bera saman heildarsvörunartíðni (overall response rate (ORR) og heildarlifun (overall survival (OS)). Miðlæg, sjálfstæð, blinduð endurskoðun á myndgreiningargögnum var notuð við mat á PFS og ORR. Sjúklingar fengu meðferð uns framgangur sjúkdóms hófst eða eiturverkun varð óásættanleg.

Niðurstöður PFS greiningar á grundvelli miðlægrar endurskoðunar samkvæmt RECIST viðmiðum, sýndi fram á tölfræðilega marktækan mun á tímalengd PFS með cabozantinibi í samanburði við lyfleysu: miðgildi tímalengdar var 11,2 mánuðir fyrir sjúklinga sem fengu cabozantinib samanborið við 4,0 mánuði hjá þeim sem fengu lyfleysu (lagskipt hættuhlutfall (HR) = 0,28; 95% CI: 0,19, 0,40; $p < 0,0001$; Mynd 1). PFS niðurstöðurnar áttu við öll upphafsgildi og lýðfræðilega hópa sem metnir voru, þ.m.t. fyrri meðferð með týrosínkínasahemlum (sem gæti hafa falið í sér lyf sem verkuðu á ferla sem tengjast hindrun nýæðamyndunar), stöðu RET stökkbreytingar (þ.m.t. sjúklinga sem staðfest var að höfðu ekki RET stökkbreytingar), fyrri stöðu krabbameins- eða geislameðferðar eða tilvist meinvarpa í beinum.

ORR var 27,9% fyrir sjúklinga sem fengu cabozantinib og 0% fyrir þá sem fengu lyfleysu ($p < 0,0001$; Tafla 2). Miðgildi tímalengdar hlutlægrar svörunar var 14,6 mánuðir (95% CI: 11,1, 17,5) fyrir sjúklinga sem fengu cabozantinib.


Mynd 1: Kaplan-Meier-ferill fyrir lifun án framgangs



Fjöldi einstaklinga í áhættu								
Mánuður	0	3	6	9	12	15	18	21
Cometriq	219	121	78	55	31	12	2	1
Lyfleysa	111	35	11	6	3	2	0	0

Lokagreining á OS var gerð eftir 218 atvik (dauðsföll) og sýnir tilhneigingu til hækkunar miðgildis lifunar sem nemur 5,5 mánuðum í cabozantinib hluta rannsóknarinnar: miðgildi (mánuðir) 26,6 cabozantinib á móti 21,1 lyfleysa (HR = 0,85 [95% CI: 0,64, 1,12], p = 0,2409).

Mynd 2: Kaplan-Meier ferill fyrir heildarlifun



Tafla 2: Samantekt á helstu niðurstöðum verkunar

	Cabozantinib	Lyfleysa
Miðgildi lifunar án framgangs	11,2 mánuðir	4,0 mánuðir
	HR: 0,28 (0,19, 0,40) p <0,0001	
Miðgildi heildarlifunar	26,6 mánuðir	21,1 mánuðir
	HR: 0,85 (0,64, 1,12) p = 0,2409	
Heildar svörunartíðni^a (95% CI)	27,9% (21,9%, 34,5%)	0%
	p <0,0001	
Tímalengd svörunar; miðgildi (95% CI)	14,6 mánuðir (11,1, 17,5)	Á ekki við
Sjúkdómshemlun^b (95% CI)	55,3% (48,3%, 62,2%)	13,5% (7,6%, 21,6%)
Kalsitónínsvörun^a	47% (49/104) ^c	3% (1/40) ^c
CEA svörun^a	33% (47/143) ^c	2% (1/55) ^c

^a Svörun = CR + PR

^b Sjúkdómshemlun (Disease Control Rate) = SD+ ORR

^c Inniheldur sjúklinga þar sem hægt var að meta svörun

Staða RET stökkbreytingar


Af þeim 215 einstaklingum þar sem upplýsingar nægðu til að ákvarða stöðu stökkbreytingar voru 78,6% (n=169) flokkaðir sem jákvæðir fyrir *RET* stökkbreytingu (af þeim voru 126 jákvæðir fyrir M918T stökkbreytingu) og 21,4% (n=46) flokkaðir sem neikvæðir fyrir *RET* stökkbreytingu. Hjá 115 einstaklingum til viðbótar var ekki hægt að ákvarða stöðu *RET* stökkbreytingar, eða hún var óljós. Hjá öllum þremur undirhópum jókst PFS hjá þeim sem fengu cabozantinib í samanburði við þá sem fengu lyfleysu (HR sem nam 0,23 fyrir *RET* jákvæða, 0,53 fyrir *RET* neikvæða og 0,30 fyrir *RET* óþekkta undirhópin). Hlutlæg svörunartíðni sem mæld var í þessum undirhópum var almennt í samræmi við PFS niðurstöðurnar, þar sem æxlissvörunartíðni reyndist 32% fyrir *RET* jákvæða, 22% fyrir *RET* neikvæða og 25% fyrir *RET* óþekkta undirhópin.

Frekari erfðafræðilegar rannsóknir sýndu að lítill hluti sjúklinga var með æxlisstökkbreytingar í *HRAS*, *KRAS*, eða *NRAS* líkamsfrumum. Þessir sjúklingar (n=16) sýndu marktæka lengingu á PFS (HR sem

nam 0,15) og hlutlæga svörunartíðni sem nam 31%. *RET* neikvæðir sjúklingar með engin merki um RAS stökkbreytingu (n=33) sýndu lækkaðan PFS ávinning með cabozantinibi (HR sem nam 0,87) og lægri svörunartíðni sem nam 18% samanborið við undirhópa með aðrar stökkbreytingar.

Marktækur bati á OS kom fram hjá undirhópi sjúklinga með *RET* M918T stökkbreytinguna (n=81/219 cabozantinib hluti): 44,3 mánuðir í cabozantinib hluta á móti 18,9 mánuðir í lyfleysu hluta (HR = 0,60, p = 0,0255). Enginn bati var á OS hjá undirhópum *RET* M918T neikvæðra eða óþekktra.

Mynd 3: Kaplan-Meier greining á OS hjá sjúklingum með *RET* M918T stökkbreytingu



Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á cabozantinibi hjá einum eða fleiri undirhópum barna við meðferð illkynja æxla (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

Þetta lyf hefur fengið markaðsleyfi með svokölluðu „skilyrtu samþykki“. Það þýðir að beðið er eftir frekari gögnum um lyfið.

Lyfjastofnun Evrópu metur nýjar upplýsingar um lyfið að minnsta kosti árlega og uppfærir samantekt á eiginleikum lyfsins eftir því sem þörf krefur.

5.2 Lyfjahvörf

Frásog

Eftir inntöku cabozantinibs næst hámarksstyrkur cabozantinibs í plasma 2 til 5 klst. eftir inntöku. Mælingar á styrk cabozantinibs í plasma sýna annan frásogstopp u.þ.b. 24 klukkustundum eftir inntöku, sem bendir til þess að cabozantinib fari um lifrar-þarma hringrásina (enterohepatic recirculation).

Endurtekinn dagskammtur sem nam 140 mg í 19 daga leiddi til u.þ.b. 4- til 5-faldrar meðaluppsöfnunar cabozantinibs (byggt á AUC) samanborið við stakan skammt; stöðugt ástand næst við u.þ.b. dag 15.

Fiturík máltíð jók C_{max} og AUC gildin (41% annars vegar og 57% hins vegar) samanborið við föstu hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum sem fengu stakan 140 mg skammt af cabozantinibi til inntöku. Engar upplýsingar liggja fyrir um nákvæm áhrif matar þegar hans er neytt 1 klst. eftir inntöku cabozantinibs.

Dreifing

Cabozantinib er að mestu leiti próteinbundið í plasma í mönnum *in vitro* ($\geq 99,7\%$). Byggt á líkani fyrir lyfjahvörf (PK) þýðis er rúmmál dreifingar (V/F) u.þ.b. 349 L (SE: $\pm 2,73\%$). Próteinbinding breyttist ekki hjá sjúklingum með vægt eða miðlungs skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi.

Umbrot

Cabozantinib umbrotnaði *in vivo*. Fjögur umbrotsefni voru til staðar í plasma með útsetningu (AUC) hærri en 10% af móðurefninu: XL184-N-oxíð, XL184 amíð klofningsafurð, XL184 mónóhýdroxýsúlfat og 6-desmetýl amíð klofningsafurðarsúlfat. Tvö ótengd umbrotsefni (XL184-N-oxíð og XL184 amíð klofningsafurð), sem höfðu <1% af kínasa markhæmlunargetu cabozantinibs og hvort um sig samsvaraði <10% af heildarútsetningu tengdri lyfinu í plasma.

Cabozantinib er hvarfefni fyrir umbrot CYP3A4 *in vitro*, þar sem hlutleysandi mótefni við CYP3A4 hindraði myndun umbrotsefnisins XL184 N-oxíðs sem nam >80% í NADPH-hvataðri kvíun í netbólum úr mannalífur (human liver microsome (HML)); hins vegar höfðu hlutleysandi mótefni við CYP1A2, CYP2A6, CYP2B6, CYP2C8, CYP2C19, CYP2D6 og CYP2E1 engin áhrif á myndun umbrotsefna cabozantinibs. Hlutleysandi mótefni við CYP2C9 sýndi smávægileg áhrif á myndun umbrotsefna cabozantinibs (þ.e. <20% lækun).

Brotthvarf

Helmingunartími cabozantinibs í plasma í stakskammtarannsóknunum á heilbrigðum sjálfboðaliðum er u.þ.b. 120 klst. Meðal brotthvarf (CL/F) við jafnvægi hjá krabbameinssjúklingum var áætlað 4,4 L/klst. í lyfjahvarfagreiningu á þýði. Innan 48-daga söfnunartímabils eftir stakan skammt af ¹⁴C-cabozantinibi hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum endurheimtust u.þ.b. 81% af heildar geislavirkninni sem gefin var og þar af voru 54% í hægðum og 27% í þvagi.

Lyfjahvörf í sérstökum sjúklingahópum

Skert nýrnastarfsemi

Niðurstöður rannsóknar á sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi benda til þess að hlutfall margfeldismeðaltala minnstu ferninga (ratios of geometric LS mean) fyrir cabozantinib í plasma, C_{\max} og $AUC_{0-\text{inf}}$ sé 19% og 30% hærri hjá sjúklingum með vægt skerta nýrnastarfsemi (90% CI fyrir C_{\max} 91,60% til 155,51%; $AUC_{0-\text{inf}}$ 98,79% til 171,26%) og 2% og 6-7% hærri (90% CI fyrir C_{\max} 78,64% til 133,52%; $AUC_{0-\text{inf}}$ 79,61% til 140,11%) hjá sjúklingum með miðlungs skerta nýrnastarfsemi, samanborið við sjúklinga með eðlilega nýrnastarfsemi. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á sjúklingum með alvarlega skerta nýrnastarfsemi.

Skert lifrarstarfsemi

Niðurstöður rannsóknar á sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi benda til þess að útsetning ($AUC_{0-\text{inf}}$) aukist um 81% hjá sjúklingum með vægt skerta lifrarstarfsemi og 63% hjá sjúklingum með miðlungs skerta lifrarstarfsemi (90% CI fyrir $AUC_{0-\text{inf}}$: 121,44% til 270,34% fyrir vægt skerta og 107,37% til 246,67% fyrir miðlungs skerta lifrarstarfsemi). Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á sjúklingum með alvarlega skerta lifrarstarfsemi.

Kynþáttur

Engin gögn eru til staðar til að ákvarða mun á lyfjahvörfum á grundvelli kynþáttar.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Aukaverkanir sem ekki komu fram í klínískum rannsóknunum en sáust hjá dýrum við skömmtnun sem er svipuð meðferðarskömmtnun og skipta hugsanlega máli við klíníska notkun, voru sem hér segir:

Í rannsóknunum á eiturverkun með endurteknum skömmtnunum sem stóðu yfir í allt að 6 mánuði hjá rottum og hundum voru marklíffæri fyrir eiturverkanir meltingarvegur, beinmergur, eitlavafur, nýru, nýrnahettuverfur og vefur í æxlunarfærum. Mörk um engin skaðleg áhrif (NOAEL) voru lægri en klínísk útsetning hjá mönnum við meðferðarskammta.

Cabozantinib hefur ekki reynst vera stökkbreytandi eða valda litningaskemmdum eða litningabrotum í stöðluðum prófunum á eiturverkun á erfðafni. Lagt hefur verið mat á hugsanleg krabbameinsvaldandi áhrif cabozantinibs hjá tveimur tegundum: rasH2 erfðabreyttum músum og Sprague-Dawley rottum. Í tveggja ára rannsókn á krabbameinsvaldandi áhrifum hjá rottum sáust niðurstöður varðandi æxli sem tengdust cabozantinibi, þ.e. aukin tíðni góðkynja krómfiklaæxla (pheochromocytoma), einna sér eða ásamt illkynja krómfiklaæxlum/flóknum illkynja krómfiklaæxlum í nýrnahettumerg hjá báðum kynjum, við útsetningu sem var talsvert minni en áætluð útsetning hjá mönnum. Klínísk þýðing þeirra æxla sem sáust hjá rottum er ekki þekkt, en er líklega lítil. Cabozantinib var ekki krabbameinsvaldandi í rasH2 músamódelinu við mörk útsetningar sem er örlítið hærri en klínísk útsetning hjá mönnum við meðferðarskammta.

Rannsóknir á frjósemi hjá rottum hafa sýnt fram á minnkaða frjósemi hjá bæði karl- og kvendýrum. Auk þess kom fram vanmyndun sæðisfrumna hjá hundum við mörk útsetningar sem eru innan við klíníska útsetningu við meðferðarskammta hjá mönnum.

Rannsóknir á fósturvísis-/fósturþroska voru gerðar á rottum og kanínum. Hjá rottum olli cabozantinib fósturvísisláti, fósturbjúg, klofnum gómi/vör, vefjabresti í húð og snúnum eða vanþroskuðum hala. Hjá kanínum olli cabozantinib breytingum í mjúkefjum fóstura (minnkun á brisi, minnkun eða tap á miðblaði lunga) og aukinni tíðni meiriháttar vansköpunar í fósturum. NOAEL mörkin fyrir eiturverkun á fósturvísis-/fósturþroska og vansköpun voru lægri en klínísk útsetning hjá mönnum við meðferðarskammta.

Ungar rottur (sambærilegar við börn >2 ára að aldri) sem fengu cabozantinib reyndust hafa hækkuð hvítfrumugildi, minnkaða blóðkornamyndun, vanþroskuð kvenkyns æxlunarfæri (án seinkaðrar leggangaopnunar), afbrigðilegar tennur, minnkun steinefna og þéttleika í beinum, litun lifrar og ofvöxt í gallrás. Einkenni í legi/eggjastokkum og minnkuð blóðkornamyndun virðast vera skammvinn en áhrif á bein og litun lifrar voru langvinn. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á ungum rottum (sambærilegum við börn <2 ára að aldri).

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Innihald hylkis

Örkristallaður sellulósi
Natríum kroskarmellósi
Natríumsterkju glýkólat
Vatnsfrí kísilkvoðulausn
Sterínsýra

Hylki

Gelatín
Svart járnnoxíð (E172)
Títantvíoxíð (E171)

Prentblek

Skellakk
Svart járnnoxíð (E172)
Própýlenglýkól

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

3 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

6.5 Gerð fláts og innihald

PVC/PE/PCTFE-álþynnur innsiglaðar með álfilmu, í ytra, hitainnsigluðu umbúðaspjaldi.

Hvert þynnuspjald inniheldur:

21 x 20 mg hylki (60 mg skammtur á dag í 7 daga)

28 daga pakkning sem inniheldur:

84 hylki (4 þynnuspjöld með 21 x 20 mg) (60 mg skammtur á dag í 28 daga)

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Ipsen Pharma
65 quai Georges Gorse
92100 Boulogne-Billancourt
Frakkland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/13/890/001 21 x 20 mg hylki (60 mg skammtur á dag í 7 daga)

EU/1 13/890/004 84 hylki (4 þynnuspjöld með: 21 x 20 mg) (60 mg skammtur á dag í 28 daga)

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 21. mars 2014

Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 08. janúar 2018

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

COMETRIQ 20 mg hörð hylki
COMETRIQ 80 mg hörð hylki

2. INNIHALDSLÝSING

Eitt hart hylki inniheldur cabozantinib (*S*)-malat sem samsvarar 20 mg eða 80 mg af cabozantinibi. Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Hart hylki.

Hörðu hylkin eru grá með áletruninni „XL184 20mg“ í svörtum lit. Hylkið inniheldur beinhvítt eða hvítt duft.

Hörðu hylkin eru appelsínugul með áletruninni „XL184 80mg“ í svörtum lit. Hylkið inniheldur beinhvítt eða hvítt duft.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

COMETRIQ er ætlað til meðferðar við ágengu kjarnakrabbameini í skjaldkirtli (medullary thyroid cancer (MTC)) hjá fullorðnum sjúklingum með óskurðtækt krabbamein, sem er staðbundið langt gengið eða með meinvörpum.

Hjá sjúklingum sem eru neikvæðir með tilliti til RET stökkbreytingar (endurröðun við genaflutning (Rearranged during transfection)) eða þar sem staða stökkbreytingar er ekki þekkt, skal hafa í huga, áður en tekin er ákvörðun um hvort veita skuli einstaklingi meðferð, að ávinningur getur verið minni (sjá mikilvægar upplýsingar í köflum 4.4 og 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Meðferð með COMETRIQ skal hafin af lækni sem hefur reynslu af notkun krabbameinslyfja.

Skammtar

Ráðlagður skammtur af COMETRIQ er 140 mg einu sinni á dag, tekinn sem eitt 80 mg appelsínugult hylki og þrjú 20 mg grá hylki. Meðferð skal haldið áfram þar til sjúklingurinn hefur ekki lengur klínískan ávinning af meðferðinni eða þar til óásættanlegar eiturverkanir koma fram.

Búast má við að hjá meirihluta þeirra sjúklinga sem fá COMETRIQ þurfi að aðlaga skammta einu sinni eða oftár (minnkun skammta og/eða meðferðarhlé) vegna eituráhrifa. Því skal fylgjast vel með sjúklingum fyrstu átta vikur meðferðar (sjá kafla 4.4).

Viðbrögð við aukaverkunum geta leitt til tímabundinnar stöðvunar meðferðar og/eða minnkunar skammta við COMETRIQ meðferð. Þegar nauðsynlegt er að minnka skammta er ráðlagt að minnka

fyrst skammtinn í 100 mg á dag, sem tekinn er sem eitt 80 mg appelsínugult hylki og eitt 20 mg grátt hylki og svo í 60 mg á dag, sem tekinn er sem þrjú 20 mg grá hylki.

Ráðlagt er að gera hlé á meðferð vegna eiturverkana af CTCAE stigi 3 eða hærra eða eiturverkana af stigi 2 sem eru óbærilegar.

Mælt er með minnkun skammta ef um er að ræða aukaverkanir sem gætu orðið alvarlegar eða óbærilegar ef þær yrðu viðvarandi.

Þar sem flestar aukaverkanir geta komið fram snemma á meðferðartímanum skal lækurinn fylgjast vel með sjúklingnum fyrstu átta vikur meðferðar til að meta hvort skammtaaðlögun er nauðsynleg. Aukaverkanir sem koma almennt snemma fram eru m.a. blóðkalsíumlækkun, blóðkalíumlækkun, blóðflagnafæð, háþrýstingur, handa- og fótaheilkenni (palmar-plantar erythrodysaesthesia syndrome (PPES)) og aukaverkanir í meltingarvegi (verkir í kvið eða munn, bólgur í slímhúð, hægðatregða, niðurgangur, uppköst).

Sumar alvarlegar aukaverkanir (á borð við fistil í meltingarvegi) geta verið háðar uppsöfnuðum skammti og kunna að koma fram síðar á meðferðartímanum.

Ef sjúklingur gleymir að taka skammt skal ekki bæta þann skammt upp ef taka á næsta skammt innan 12 klukkustunda.

Samhliða notkun annarra lyfja

Sýna skal aðgát við samhliða notkun lyfja sem eru öflugir CYP3A4 hemlar og forðast skal langtíma notkun lyfja sem eru öflugir CYP3A4 örvar (sjá kafla 4.4 og 4.5).

Íhuga skal val á lyfjum sem hafa lítil eða engin áhrif sem hemlar eða örvar á CYP3A4 til samhliða notkunar.

Aldraðir

Ekki er mælt með sérstakri skammtaaðlögun vegna notkunar cabozantinibs hjá öldruðum (≥ 65 ára). En sést hefur tilhneiging til aukinnar tíðni alvarlegra aukaverkana hjá einstaklingum 75 ára og eldri.

Kynþáttur

Lítill reynsla er af notkun cabozantinibs hjá sjúklingum af öðrum kynþáttum en þeim hvíta.

Skert nýrnastarfsemi

Cabozantinib skal notað með varúð hjá sjúklingum með vægt eða miðlungs skerta nýrnastarfsemi. Ekki er mælt með notkun cabozantinibs hjá sjúklingum með alvarlega skerta nýrnastarfsemi þar sem ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun hjá þeim sjúklingahópi.

Skert lifrastarfsemi

Hjá sjúklingum með vægt eða miðlungs skerta lifrastarfsemi er ráðlagður skammtur cabozantinibs 60 mg á dag. Fylgjast skal með aukaverkunum og aðlaga skammta, eða gera hlé á meðferð eins og nauðsynlegt þykir (sjá kafla 4.2). Ekki er mælt með notkun cabozantinibs hjá sjúklingum með alvarlega skerta lifrastarfsemi þar sem ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun hjá þeim sjúklingahópi.

Sjúklingar með skerta hjartastarfsemi

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um sjúklinga með skerta hjartastarfsemi. Ekki er hægt að ráðleggja ákveðna skammta.

Börn

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun cabozantinibs hjá börnum yngri en 18 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

Hylkin skal gleypa heil og þau má ekki opna. Ráðleggja skal sjúklingum að borða ekki a.m.k. 2 klst. fyrir og 1 klst. eftir inntöku COMETRIQ.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu / virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Í klínísku lykilrannsókninni voru skammtar minnkaðir hjá 79% og gert hlé á meðferð hjá 72% sjúklinga sem fengu cabozantinib. Hjá 41% sjúklinga þurfti að minnka skammta tvisvar. Miðgildi tímans fram að fyrstu skammtaminnkun var 43 dagar og 33 dagar fram að fyrsta hléi á meðferð. Því er ráðlagt að fylgjast vel með sjúklingum fyrstu átta vikur meðferðar (sjá kafla 4.2).

Rof í meltingarvegi, fistill og ígerð í kviðarholi

Alvarleg rof í meltingarvegi og fistlar, sem geta verið banvæn og ígerð í kviðarholi hafa komið fram við notkun cabozantinibs. Sjúklingar sem nýlega hafa gengist undir geislameðferð, eru með bólgusjúkdóm í meltingarvegi (t.d. Crohns sjúkdóm, sáraristilbólgu eða sarpbólgu), eru með meinvörp í barka, berkju eða vélinda, stríða við aukaverkanir vegna aðgerðar á meltingarvegi (einkum í tengslum við seinkaða eða ófullkomna græðslu), eða stríða við aukaverkanir vegna fyrri geislameðferðar á brjóstholi (þ.m.t. miðmæti) skulu gangast undir ítarlegt mat áður en meðferð hefst með cabozantinibi og fylgjast skal vel með einkennum sem tengjast rofi og fistlum meðan á meðferð stendur. Útiloka skal fistla utan meltingarvegjar, eins og við á, ef upp kemur slímubólga eftir að meðferð hefst. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum sem fá rof í meltingarvegi eða fistil í eða utan meltingarvegjar.

Segarekstilvik

Komið hafa upp tilvik segareks í bláæðum og segareks í slagæðum við notkun cabozantinibs. Nota skal cabozantinib með varúð hjá sjúklingum sem eiga slíkt á hættu eða hafa sögu um slíkt. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum sem fá brátt hjartadrep eða aðrar aukaverkanir tengdar segareki í slagæðum sem eru klínískt mikilvægar.

Blæðingar

Blæðingar hafa komið fram við notkun cabozantinibs. Sjúklingar með merki um æxli í barka eða berkjum eða sögu um blóðhósta fyrir upphaf meðferðar skulu metnir vandlega áður en meðferð með cabozantinibi hefst. Cabozantinib skal ekki gefa sjúklingum með alvarlegar blæðingar eða sem nýlega hafa fengið blóðhósta.

Vandamál vegna sára

Komið hafa upp vandamál við græðslu sára við notkun cabozantinibs. Stöðva skal meðferð með cabozantinibi a.m.k. 28 dögum fyrir skurðaðgerð, ef mögulegt er. Ákvörðun um hvort hefja skuli cabozantinib meðferð að nýju eftir aðgerð skal byggja á klínísku mati á fullnægjandi græðslu sára. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum þar sem vandamál við græðslu sára þarfnast lækni meðferðar.

Háþrýstingur

Háþrýstingur hefur komið fram við notkun cabozantinibs. Fylgjast skal með blóþrýstingi hjá öllum sjúklingum og veita þeim hefðbundna meðferð við háþrýstingi eftir þörfum. Ef um er að ræða viðvarandi háþrýsting þrátt fyrir notkun háþrýstingslyfja skal lækka skammta cabozantinibs. Hætta skal notkun cabozantinibs ef háþrýstingur er alvarlegur og viðvarandi þrátt fyrir notkun háþrýstingslyfja og lækun skammta cabozantinibs. Ef upp kemur lífshættuleg blóðþrýstingshækkun (hypertensive crisis) skal hætta notkun cabozantinibs.

Beindrep

Upp hafa komið tilvik beindreps í kjálka við notkun cabozantinibs. Skoða skal munn áður en meðferð með cabozantinibi hefst og reglulega meðan á meðferð stendur. Ráðleggja skal sjúklingum að sinna

munnhirðu. Hætta skal meðferð með cabozantinibi a.m.k. 28 dögum fyrir ífarandi aðgerð í munni, ef mögulegt er. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum sem fá lyf sem tengjast beindrepi í kjálka, s.s. bisfosfonöt. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum sem fá beindrep í kjálka.

Handa- og fótahæilkenni

Handa- og fótahæilkenni (palmar-plantar erythrodysaesthesia syndrome (PPES)) hefur komið fram við notkun cabozantinibs. Í alvarlegum tilfellum PPES skal íhuga að gera hlé á meðferð með cabozantinibi. Hefja skal meðferð með cabozantinibi að nýju með minni skammti þegar PPES er komið niður á stig 1.

Prótein í þvagi

Prótein í þvagi hefur komið fram við notkun cabozantinibs. Fylgjast skal reglulega með próteini í þvagi meðan á meðferð með cabozantinibi stendur. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum sem fá nýrunghæilkenni.

Afturkræft baklægt innlyksuheilabólguheilkenni (Reversible posterior leukoencephalopathy syndrome (RPLS))

Afturkræft baklægt innlyksuheilabólguheilkenni (Reversible posterior leukoencephalopathy syndrome (RPLS)), einnig þekkt sem afturkræft aftara heilakvillaheilkenni (Posterior reversible encephalopathy syndrome (PRES)) hefur komið fram við notkun cabozantinibs. Hætta skal notkun cabozantinibs hjá sjúklingum með RPLS.

Lenging á QT-bili

Nota skal cabozantinib með varúð hjá sjúklingum með sögu um lengingu QT-bils, sjúklingum sem taka lyf við hjartsláttartruflunum eða sjúklingum með undirliggjandi hjartasjúkdóma, hægtakt eða blóðsaltaraskanir sem máli skipta. Við notkun cabozantinibs skal íhuga reglubundna töku hjartalínurits og rannsóknir á blóðsöltum (kalsíum, kalíum og magnesíum í sermi). Gæta skal varúðar við samhliða meðferð með öflugum CYP3A4 hemlum sem geta aukið styrk cabozantinibs í plasma.

CYP3A4 örvar og hemlar

Cabozantinib er hvarfefni CYP3A4. Samhliða notkun cabozantinibs og ketókónazóls, sem er öflugur CYP3A4 hemill, olli auknum styrk cabozantinibs í plasma. Gæta skal varúðar þegar cabozantinib er gefið með lyfjum sem eru öflugir hemlar á CYP3A4. Samhliða notkun cabozantinibs og rífampisins, sem er öflugur örvi á CYP3A4 olli minnkuðum styrk cabozantinibs í plasma. Því skal forðast langtímanotkun lyfja sem eru öflugir örvar á CYP3A4 samhliða cabozantinibi (sjá kafla 4.2 og 4.5).

P-glykóprótein hvarfefni

Cabozantinib var hemill á ($IC_{50} = 7,0 \mu M$), en ekki hvarfefni fyrir P-glykóprótein (P-gp) flutningsvirkni í tviáttá greiningarkerfi sem notaði MDCK-MDR1 frumur. Því kann cabozantinib að hafa getu til að auka styrk P-gp hvarfefna í plasma sem notuð eru samhliða cabozantinibi. Því skal vara sjúklinga við notkun P-gp hvarfefna (t.d. fexófenadíns, aliskírens, ambrisentans, dabigatra etexílat, dígoxíns, kolsíkíns, maravíríks, posakónazóls, ranolazíns, saxagliptíns, sitagliptíns, talinolóls, tolvaptans) samhliða cabozantinibi.

MRP2 hemlar

Notkun MRP2 hemla getur aukið styrk cabozantinibs í plasma. Því ætti að gæta varúðar við samhliða notkun MRP2 hemla (t.d. cýklósporíns, efavírens, emtricitabíns) og cabozantinibs.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Áhrif annarra lyfja á cabozantinib

CYP3A4 hemlar og örvar

Þegar heilbrigðum sjálfboðaliðum var gefið ketókónazól, sem er öflugur CYP3A4 hemill (400 mg á dag í 27 daga) minnkaði úthreinsun cabozantinibs (um 29%) og útsetning í plasma eftir stakan skammt cabozantinibs jókst um 38% (AUC). Því skal gæta varúðar við samhliða notkun öflugra CYP3A4 hemla (t.d. rítónavírs, ítrakónazóls, erytrómýsíns, claritrómýsíns, greipaldinsafa) og cabozantinibs.

Þegar heilbrigðum sjálfboðaliðum var gefið rífampísín, sem er öflugur CYP3A4 örvi (600 mg á dag í 31 dag) jókst úthreinsun cabozantinibs (4,3-falt) og útsetning í plasma eftir stakan skammt cabozantinibs minnkaði um 77% (AUC). Því skal forðast langtímanotkun öflugra CYP3A4 örva (t.d. fenýtóíns, karbamazepíns, rífampísíns, fenóbarbitals eða jurtalyfja sem innihalda jóhannesarjurt (*Hypericum perforatum*)) samhliða cabozantinibi.

Lyf sem breyta pH í magavökva

Þegar heilbrigðum sjálfboðaliðum var samhliða gefinn prótónpumpuhemillinn esómeprazol (40 mg daglega í 6 daga) og einfaldur skammtur af 100 mg cabozantinibi hafði það engin klínísk marktæk áhrif á útsetningu cabozantinibs í plasma (AUC). Breyting á skammtastærð er ekki nauðsynleg þegar lyf, sem breyta pH í magavökva (t.d. PPI, H₂ viðtakamóttlyf og sýrubindandi lyf) eru gefin samhliða cabozantinibi.

MRP2 hemlar

Gögn úr *in vitro* rannsóknum sýna að cabozantinib er hvarfefni MRP2. Því getur notkun MRP2 hemla aukið styrk cabozantinibs í plasma.

Lyf sem binda gallsölt

Lyf sem binda gallsölt, svo sem cholestýramín og cholestagel kunna að hafa áhrif á frásog (eða endurfrásog) cabozantinibs og mögulega dregið úr útsetningu þess (sjá kafla 5.2). Klínískt mikilvægi þessarar hugsanlegu milliverkunar er óþekkt.

Áhrif cabozantinibs á önnur lyf

Áhrif cabozantinibs á lyfjahvörf getnaðarvarnarstera hafa ekki verið rannsökuð. Þar sem ekki er hægt að tryggja óbreytta virkni getnaðarvarnar er ráðlagt að nota viðbótargetnaðarvörn án hormóna (barrier contraception).

Vegna þess að cabozantinib binst plasmapróteinum í ríkum mæli (sjá kafla 5.2) er hugsanlegt að lyfið milliverki við warfarín með fráhrindingu (displacement) við plasmaprótein. Fylgjast á með INR-gildum ef þessi lyf eru gefin samhliða.

P-glycoprótein hvarfefni

Cabozantinib var hemill á (IC₅₀ = 7,0 µM), en ekki hvarfefni fyrir P-gp flutningsvirkni í tviátta greiningarkerfi sem notaði MDCK-MDR1 frumur. Því kann cabozantinib að hafa getu til að auka styrk P-gp hvarfefna í plasma sem notuð eru samhliða cabozantinibi. Því skal vara sjúklinga við notkun P-gp hvarfefna (t.d. fexófenadíns, aliskírens, ambrisentans, dabigatra etexílat, dígoxíns, kolsíkíns, maravíriks, posakónazóls, ranolazíns, saxagliptíns, sitagliptíns, talinolóls, tolvaptans) samhliða cabozantinibi.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Konur á barneignaraldri/getnaðarvarnir hjá körlum og konum

Ráðleggja verður konum á barneignaraldri að forðast þungun á meðan cabozantinib er notað. Konur karla sem nota cabozantinib verða einnig að forðast þungun. Bæði karl- og kvensjúklingar og makar þeirra verða að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferðinni stendur og í a.m.k. 4 mánuði eftir að henni lýkur. Þar sem getnaðarvarnir til inntöku eru hugsanlega ekki „örugg getnaðarvörn“ skal nota þær ásamt annarri getnaðarvörn án hormóna, svo sem verjum (sjá kafla 4.5).

Meðganga

Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á þunguðum konum sem nota cabozantinib. Dýrarannsóknir hafa sýnt áhrif á fósturvísu/fóstur og vansköpun (sjá kafla 5.3). Möguleg hætta fyrir menn er ekki þekkt. Ekki má nota cabozantinib á meðgöngu nema meðferð með cabozantinibi sé nauðsynleg vegna sjúkdómsástands konunnar.

Brjóstagjöf

Ekki er þekkt hvort cabozantinib/umbrotsefni skiljast út í brjóstamjólk. Vegna mögulegra skaðlegra áhrifa á ungbarnið skulu mæður hætta brjóstagjöf meðan á meðferð með cabozantinibi stendur og í a.m.k. 4 mánuði eftir að meðferð lýkur.

Frjósemi

Ekki liggja fyrir gögn um frjósemi hjá mönnum. Niðurstöður sem ekki eru klínískar benda til að cabozantinib kunni að hafa áhrif á frjósemi hjá bæði körlum og konum (sjá kafla 5.3). Því ættu bæði karlar og konur að leita ráðgjafar og íhuga að varðveita sæði eða egg áður en meðferð hefst.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Cabozantinib hefur væg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Aukaverkanir á borð við þreytu og máttleysi hafa verið tengdar cabozantinibi. Því skal gæta varúðar við akstur eða notkun véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á aukaverkunum

Algengustu alvarlegu aukaverkanirnar sem tengdust cabozantinibi eru lungnabólga, bólga í slímhúð, blóðkalsíumlækkun, kyngingartregða, vessapurrd, lungnablóðsegarek og háþrýstingur. Algengustu aukaverkanirnar af öllum tíðniflokkum (sem komu fram hjá a.m.k. 20% sjúklinga) voru m.a. niðurgangur, handa- og fótaheilkenni (PPES), þyngdartap, minnkuð matarlyst, ógleði, þreyta, bragðtruflun, breyting á hárlit, háþrýstingur, munnbólga, hægðatregða, uppköst, slímubólga, þröttleysi og raddtruflun.

Algengustu breytingar á rannsóknarniðurstöðum voru aukning í aspartat amínótransferasa (AST), aukning í alanín amínótransferasa (ALT), aukning í alkalínskum fosfatasa (ALP), eitilfrumnafeð, blóðkalsíumlækkun, daufkyrningafæð, blóðflagnafæð, blóðfosfatlækkun, gallrauðadreyri, blóðmagnesíumlækkun og blóðkalíumlækkun.

Tafla með samantekt á aukaverkunum

Aukaverkanir eru taldar upp í Töflu 1 í samræmi við MedDRA flokkun eftir líffærum og tíðniflokka. Tíðni byggir á öllum stigum og er skilgreind á eftirfarandi hátt: mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1,000$ til $< 1/100$), tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum). Innan hvers tíðniflokks eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 1: Aukaverkanir sem tilkynnt hefur verið um við notkun cabozantinibs

MedDRA Flokkun eftir líffærum	Mjög algengar ($\geq 1/10$)	Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)	Sjaldgæfar ($\geq 1/1,000$ til $< 1/100$)	Tíðni ekki þekkt
Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra		ígerð (þ.m.t. í iðrum, húð, tönnum), lungnabólga, hárslíðursbólga, sveppasýking (þ.m.t. í húð, munn, kynfærum)	aspergilloma	
Innkirtlar		skjaldvakaskortur		
Efnaskipti og næring	minnkuð matarlyst, blóðkalsíumlækkun, blóðfosfatlækkun, gallrauðadreyri, blóðkalíumlækkun, blóðmagnesíumlækkun	vessapurrd, blóðalbúmínlækkun		

MedDRA Flokkun eftir líffærum	Mjög algengar (≥ 1/10)	Algengar (≥ 1/100 til < 1/10)	Sjaldgæfar (≥ 1/1,000 til < 1/100)	Tíðni ekki þekkt
Geðræn vandamál		kvíði, þunglyndi, ringlunarástand	óeðlilegir draumar, óráð	
Taugakerfi	bragðtruflun, höfuðverkur, svimi	heilaslag, úttaugakvilli, náladofi, bragðleysi, skjálfti	hreyfiglöp, athyglisruflun, lifrarheilakvilli, meðvitundarleysi, taltruflanir, afturkræft aftara heilakvillaheilkenni	
Augu		þokusýn	drer, tárubólga	
Eyru og völundarhús		eyrnavekur, eyrnasuð	heyrnarskerðing	
Hjarta		gáttatíf	hjartaöng, ofanslegilshraðtaktur	hjartadrep
Æðar	háþrýstingur	lágþrýstingur, bláæðasegamyndun, fölvi, kuldi í útlimum	slagæðasegamyndun	
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti	raddtruflun, verkur í munnkoki	fistill utan meltingarveggar (þ.m.t. í barka, miðmætisloft, barka- og vélinda), lungnasegarek, blæðingar í öndunarvegi (þ.m.t. lungum, berkjum, barka), ásvelgjulungnabólga	lungnasamfall, kokkþjúgur, millivefsþjúgbólga lungna	
Meltingarfæri	niðurgangur, ógleði, munnbólga, hægðatregða, uppköst, kviðverkir, meltingartruflanir, kyngingartregða, tungusviði	rof á meltingarvegi, blæðingar í meltingarvegi, brisbólga, gyllinæð, endaparmssprungur, bólgur í endaparmi, varabólga	fistill í meltingarvegi, vélindabólga	
Lifur og gall		gallsteinaveiki		
Húð og undirhúð	handa- og fótaheilkenni, breytingar á hárlit, útbrot, húðþurrkur, hármisssir, hörundsroði	siggmein, örtur, blöðrur, óeðlilegur hárvöxtur, húðflögnun, skortur á litarefnum í húð	húðsár, háráðavíkkun	

MedDRA Flokkun eftir líffærum	Mjög algengar (≥ 1/10)	Algengar (≥ 1/100 til < 1/10)	Sjaldgæfar (≥ 1/1,000 til < 1/100)	Tíðni ekki þekkt
Stoðkerfi og stoðvefur	liðverkur, vöðvakrampar	verkur frá brjóstgrind, beindrep í kjálka	rákvöðvalýsa	
Nýru og þvagfæri		prótínmiga, þvaglátstregða, blóðmiga	bráð nýrnabilun	
Æxlunarfæri og brjóst			tíðateppa, leggangablæðingar	
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	þreyta, slímubólga, þröttleysi	skert græðsla sára, hrollur, bjúgur í andliti	blöðrur, verkur í andliti, staðbundinn bjúgur	
Rannsóknarniðurstöður	þyngdartap, hækkað ALT, AST og ALP í sermi, hækkað LDH í blóði, hækkað TSH í blóði, eítílfrumnafæð, daufkyrningafæð, blóðflagnafæð	aukning kreatínkínasa í blóði	stytur virkjaður þromboplastíntími, fjölgun eósínfíkla, aukning blóðflagna	

Lýsing á völdum aukaverkunum

Gildi skjaldvakakveikju (TSH) yfir eðlilegum mörkum kom fram eftir fyrsta skammt hjá 57% sjúklinga sem fengu cabozantinib samanborið við 19% sjúklinga sem fengu lyfleysu (án tillits til upphafsgildis). Níutíu og tvö prósent sjúklinga sem fengu cabozantinib höfðu farið í skjaldkirtilsbrotnám og 89% tóku skjaldkirtilshormón áður en fyrsti skammtur var tekinn.

Lenging QT-bils miðað við upphafsgildi, með Fridericia leiðréttingu (QTcF) sem nam 10 - 15 ms á degi 29 (en ekki á degi 1) eftir upphaf cabozantinib meðferðar (með 140 mg qd skammti) kom fram í klínískri rannsókn með samanburðarhópi á krabbameinssjúklingum. Þessi áhrif tengdust ekki breytingum á lögum hjartalínurits eða nýjum takti. Engir sjúklingar sem fengu cabozantinib höfðu QTcF >500 ms.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu, samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#)

4.9 Ofskömmun

Ekki er nein sértæk meðferð við ofskömmun cabozantinibs og hugsanleg einkenni ofskömmunar eru ekki þekkt.

Ef grunur leikur á ofskömmun skal hætta meðferð með cabozantinibi og hefja stuðningsmeðferð. Fylgjast skal með klínískum rannsóknarniðurstöðum á efnaskiptum minnst vikulega eða eins og talið er klínískt nauðsynlegt til að meta hugsanlegar breytingar. Meðhöndla skal einkenni aukaverkana í tengslum við ofskömmun.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Æxlishefjandi lyf, próteínkínasahemill, ATC flokkur: L01XE26

Verkunarháttur

Cabozantinib er lítil sameind sem er hemill á fjölda týrosínkínasaviðtaka (receptor tyrosine kinase (RTK)) sem tengjast æxlisvexti og nýæðamyndun, sjúklegum efnaskiptum beina og framgangi krabbameins með meinvörpum. Hemlunarvirkni cabozantinibs á ýmsa kínasa var metin or reyndist það hemill á MET (hepatocyte growth factor receptor protein) og VEGF (æðabelsvaxtaþáttur) viðtaka. Auk þess er cabozantinib hemill á aðra týrosínkínasa á borð við RET, GAS6 viðtakann (AXL), stofnfrumuþáttarviðtakann (KIT) og Fms-líkan týrosínkínasa-3 (FLT3).

Lyfhrif

Cabozantinib sýndi skammtaháð, hamlandi áhrif á æxlisvöxt, æxlisminnkun og/eða hamlaði meinvörpum í fjölbreyttum forklínískum æxlislíkönum.

Áhrif cabozantinibs kom fram hjá sjúklingum með kjarnakrabbamein í skjaldkirtli sem höfðu villigerð RET eða stökkbreytt RET.


Klínískar upplýsingar varðandi kjarnakrabbamein í skjaldkirtli

Fjölsetra, slembuð, tvíblind rannsókn sem bar saman cabozantinib (N = 219) og lyfleysu (N = 111) var gerð hjá sjúklingum með óskurðtækt kjarnakrabbamein í skjaldkirtli, sem var staðbundið langt gengið eða með meinvörpum og framgang sjúkdóms sem staðfestur var með röntgenmynd innan 14 mánaða fyrir upphaf rannsókna. Meginmarkmiðið var að bera saman lifun án versunar sjúkdóms (progression-free survival (PFS)) hjá sjúklingum sem fengu cabozantinib samanborið við sjúklinga sem fengu lyfleysu. Önnur markmið voru að bera saman heildarsvörunartíðni (overall response rate (ORR) og heildarlifun (overall survival (OS)). Miðlæg, sjálfstæð, blinduð endurskoðun á myndgreiningargögnum var notuð við mat á PFS og ORR. Sjúklingar fengu meðferð uns framgangur sjúkdóms hófst eða eiturverkun varð óásættanleg.

Niðurstöður PFS greiningar á grundvelli miðlægrar endurskoðunar samkvæmt RECIST viðmiðum, sýndi fram á tölfræðilega marktækan mun á tímalengd PFS með cabozantinibi í samanburði við lyfleysu: miðgildi tímalengdar var 11,2 mánuðir fyrir sjúklinga sem fengu cabozantinib samanborið við 4,0 mánuði hjá þeim sem fengu lyfleysu (lagskipt hættuhlutfall (HR) = 0,28; 95% CI: 0,19, 0,40; $p < 0,0001$; Mynd 1). PFS niðurstöðurnar áttu við öll upphafsgildi og lýðfræðilega hópa sem metnir voru, þ.m.t. fyrri meðferð með týrosínkínasahemlum (sem gæti hafa falið í sér lyf sem verkuðu á ferla sem tengjast hindrun nýæðamyndunar), stöðu RET stökkbreytingar (þ.m.t. sjúklinga sem staðfest var að höfðu ekki RET stökkbreytingar), fyrri stöðu krabbameins- eða geislameðferðar eða tilvist meinvarpa í beinum.

ORR var 27,9% fyrir sjúklinga sem fengu cabozantinib og 0% fyrir þá sem fengu lyfleysu ($p < 0,0001$; Tafla 2). Miðgildi tímalengdar hlutlægrar svörunar var 14,6 mánuðir (95% CI: 11,1, 17,5) fyrir sjúklinga sem fengu cabozantinib.


Mynd 1: Kaplan-Meier-ferill fyrir lifun án framgangs



Fjöldi einstaklinga í áhættu								
Mánuður	0	3	6	9	12	15	18	21
Cometriq	219	121	78	55	31	12	2	1
Lyfleysa	111	35	11	6	3	2	0	0

Lokagreining á OS var gerð eftir 218 atvik (dauðsföll) og sýnir tilhneigingu til hækkunar miðgildis lifunar sem nemur 5,5 mánuðum í cabozantinib hluta rannsóknarinnar: miðgildi (mánuðir) 26,6 cabozantinib á móti 21,1 lyfleysa (HR = 0,85 [95% CI: 0,64, 1,12], p = 0,2409).

Mynd 2: Kaplan-Meier ferill fyrir heildarlifun



Tafla 2: Samantekt á helstu niðurstöðum verkunar

	Cabozantinib	Lyfleysa
	11,2 mánuðir	4,0 mánuðir
Miðgildi lifunar án framgangs	HR: 0,28 (0,19, 0,40) p <0,0001	
	26,6 mánuðir	21,1 mánuðir
Miðgildi heildarlifunar	HR: 0,85 (0,64, 1,12) p = 0,2409	
	27,9% (21,9%, 34,5%)	0%
Heildar svörunartíðni^a (95% CI)	p <0,0001	
Tímalengd svörunar; miðgildi (95% CI)	14,6 mánuðir (11,1, 17,5)	Á ekki við
Sjúkdómshemlun^b (95% CI)	55,3% (48,3%, 62,2%)	13,5% (7,6%, 21,6%)
Kalsitónínsvörun^a	47% (49/104) ^c	3% (1/40) ^c
CEA svörun^a	33% (47/143) ^c	2% (1/55) ^c

^a Svörun = CR + PR

^b Sjúkdómshemlun (Disease Control Rate) = SD+ ORR

^c Inniheldur sjúklinga þar sem hægt var að meta svörun


Staða RET stökkbreytingar

Af þeim 215 einstaklingum þar sem upplýsingar nægðu til að ákvarða stöðu stökkbreytingar voru 78,6% (n=169) flokkaðir sem jákvæðir fyrir *RET* stökkbreytingu (af þeim voru 126 jákvæðir fyrir M918T stökkbreytingu) og 21,4% (n=46) flokkaðir sem neikvæðir fyrir *RET* stökkbreytingu. Hjá 115 einstaklingum til viðbótar var ekki hægt að ákvarða stöðu *RET* stökkbreytingar, eða hún var óljós. Hjá öllum þremur undirhópum jókst PFS hjá þeim sem fengu cabozantinib í samanburði við þá sem fengu lyfleysu (HR sem nam 0,23 fyrir *RET* jákvæða, 0,53 fyrir *RET* neikvæða og 0,30 fyrir *RET* óþekkta undirhópinn). Hlutlæg svörunartíðni sem mæld var í þessum undirhópum var almennt í samræmi við PFS niðurstöðurnar, þar sem ælissvörunartíðni reyndist 32% fyrir *RET* jákvæða, 22% fyrir *RET* neikvæða og 25% fyrir *RET* óþekkta undirhópinn.

Frekari erfðafræðilegar rannsóknir sýndu að lítill hluti sjúklinga var með ælissökkbreytingar í *HRAS*, *KRAS*, eða *NRAS* líkamsfrumum. Þessir sjúklingar (n=16) sýndu marktæka lengingu á PFS (HR sem nam 0,15) og hlutlæga svörunartíðni sem nam 31%. *RET* neikvæðir sjúklingar með engin merki um RAS stökkbreytingu (n=33) sýndu lækkaðan PFS ávinning með cabozantinibi (HR sem nam 0,87) og lægri svörunartíðni sem nam 18% samanborið við undirhópa með aðrar stökkbreytingar.

Marktækur bati á OS kom fram hjá undirhópi sjúklinga með *RET* M918T stökkbreytinguna (n=81/219 cabozantinib hluti): 44,3 mánuðir í cabozantinib hluta á móti 18,9 mánuðir í lyfleysu hluta (HR = 0,60, p = 0,0255). Enginn bati var á OS hjá undirhópum *RET* M918T neikvæðra eða óþekktra.

Mynd 3: Kaplan-Meier greining á OS hjá sjúklingum með *RET* M918T stökkbreytingu



Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á cabozantinibi hjá einum eða fleiri undirhópum barna við meðferð illkynja æxla (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

Þetta lyf hefur fengið markaðsleyfi með svokölluðu „skilyrtu samþykki“. Það þýðir að beðið er eftir frekari gögnum um lyfið.

Lyfjastofnun Evrópu metur nýjar upplýsingar um lyfið að minnsta kosti árlega og uppfærir samantekt á eiginleikum lyfsins eftir því sem þörf krefur.

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Eftir inntöku cabozantinibs næst hámarksstyrkur cabozantinibs í plasma 2 til 5 klst. eftir inntöku. Mælingar á styrk cabozantinibs í plasma sýna annan frásogstopp u.þ.b. 24 klukkustundum eftir inntöku, sem bendir til þess að cabozantinib fari um lifrar-þarma hringrásina (enterohepatic recirculation).

Endurtekinn dagskammtur sem nam 140 mg í 19 daga leiddi til u.þ.b. 4- til 5-faldrar meðaluppsöfnunar cabozantinibs (byggt á AUC) samanborið við stakan skammt; stöðugt ástand næst við u.þ.b. dag 15.

Fiturík máltíð jók C_{max} og AUC gildin (41% annars vegar og 57% hins vegar) samanborið við föstu hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum sem fengu stakan 140 mg skammt af cabozantinibi til inntöku. Engar upplýsingar liggja fyrir um nákvæm áhrif matar þegar hans er neytt 1 klst. eftir inntöku cabozantinibs.

Dreifing

Cabozantinib er að mestu leiti próteinbundið í plasma í mönnum *in vitro* ($\geq 99,7\%$). Byggt á líkani fyrir lyfjahvörf (PK) þýðis er rúmmál dreifingar (V/F) u.þ.b. 349 L (SE: $\pm 2,73\%$). Próteinbinding breyttist ekki hjá sjúklingum með vægt eða miðlungs skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi.

Umbrot

Cabozantinib umbrotnaði *in vivo*. Fjögur umbrotsefni voru til staðar í plasma með útsetningu (AUC) hærri en 10% af móðurefninu: XL184-N-oxíð, XL184 amíð klofningsafurð, XL184 mónóhýdroxýsúlfat og 6-desmetýl amíð klofningsafurðarsúlfat. Tvö ótengd umbrotsefni (XL184-

N-oxíð og XL184 amíð klofningsafurð), sem höfðu <1% af kínasa markhæmlunargetu cabozantinibs og hvort um sig samsvaraði <10% af heildarútsetningu tengdri lyfinu í plasma.

Cabozantinib er hvarfefni fyrir umbrot CYP3A4 *in vitro*, þar sem hlutleysandi mótefni við CYP3A4 hindraði myndun umbrotsefnisins XL184 N-oxíðs sem nam >80% í NADPH-hvataðri kvíun í netbólum úr mannalífur (human liver microsome (HML)); hins vegar höfðu hlutleysandi mótefni við CYP1A2, CYP2A6, CYP2B6, CYP2C8, CYP2C19, CYP2D6 og CYP2E1 engin áhrif á myndun umbrotsefna cabozantinibs. Hlutleysandi mótefni við CYP2C9 sýndi smávægileg áhrif á myndun umbrotsefna cabozantinibs (þ.e. <20% lækkun).

Brotthvarf

Helmingunartími cabozantinibs í plasma í stakskammtarannsóknunum á heilbrigðum sjálfboðaliðum er u.þ.b. 120 klst. Meðal brotthvarf (CL/F) við jafnvægi hjá krabbameinssjúklingum var áætlað 4,4 L/klst. í lyfjahvarfagreiningu á þýði. Innan 48-daga söfnunartímabils eftir stakan skammt af ¹⁴C-cabozantinibi hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum endurheimtust u.þ.b. 81% af heildar geislavirkninni sem gefin var og þar af voru 54% í hægðum og 27% í þvagi.

Lyfjahvörf í sérstökum sjúklingahópum

Skert nýrnastarfsemi

Niðurstöður rannsóknar á sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi benda til þess að hlutfall margfeldismeðaltala minnstu ferninga (ratios of geometric LS mean) fyrir cabozantinib í plasma, C_{max} og AUC_{0-inf} sé 19% og 30% hærra hjá sjúklingum með vægt skerta nýrnastarfsemi (90% CI fyrir C_{max} 91,60% til 155,51%; AUC_{0-inf} 98,79% til 171,26%) og 2% og 6-7% hærra (90% CI fyrir C_{max} 78,64% til 133,52%; AUC_{0-inf} 79,61% til 140,11%) hjá sjúklingum með miðlungs skerta nýrnastarfsemi, samanborið við sjúklinga með eðlilega nýrnastarfsemi. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á sjúklingum með alvarlega skerta nýrnastarfsemi.

Skert lifrarstarfsemi

Niðurstöður rannsóknar á sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi benda til þess að útsetning (AUC_{0-inf}) aukist um 81% hjá sjúklingum með vægt skerta lifrarstarfsemi og 63% hjá sjúklingum með miðlungs skerta lifrarstarfsemi (90% CI fyrir AUC_{0-inf} : 121,44% til 270,34% fyrir vægt skerta og 107,37% til 246,67% fyrir miðlungs skerta lifrarstarfsemi). Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á sjúklingum með alvarlega skerta lifrarstarfsemi.

Kynþáttur

Engin gögn eru til staðar til að ákvarða mun á lyfjahvörfum á grundvelli kynþáttar.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Aukaverkanir sem ekki komu fram í klínískum rannsóknunum en sáust hjá dýrum við skömmtun sem er svipuð meðferðarskömmtun og skipta hugsanlega máli við klíníska notkun, voru sem hér segir:

Í rannsóknunum á eiturvekjun með endurteknum skömmtum sem stóðu yfir í allt að 6 mánuði hjá rottum og hundum voru markklíffæri fyrir eiturvekanir meltingarvegur, beinmergur, eitlavefur, nýru, nýrnahettuverfur og vefur í æxlunarfærum. Mörk um engin skaðleg áhrif (NOAEL) voru lægri en klínísk útsetning hjá mönnum við meðferðarskammta.

Cabozantinib hefur ekki reynt vera stökkbreytandi eða valda litningaskemmdum eða litningabrotum í stöðluðum prófunum á eiturvekjun á erfðafni. Lagt hefur verið mat á hugsanleg krabbameinsvaldandi áhrif cabozantinibs hjá tveimur tegundum: rasH2 erfðabreyttum músunum og Sprague-Dawley rottum. Í tveggja ára rannsókn á krabbameinsvaldandi áhrifum hjá rottum sáust niðurstöður varðandi æxli sem tengdust cabozantinibi, þ.e. aukin tíðni góðkynja krómfíklaæxla (pheochromocytoma), einna sér eða ásamt illkynja krómfíklaæxlum/flóknum illkynja krómfíklaæxlum í nýrnahettumerg hjá báðum kynjum, við útsetningu sem var talsvert minni en áætluð útsetning hjá mönnum. Klínísk þýðing þeirra æxla sem sáust hjá rottum er ekki þekkt, en er líklega lítil. Cabozantinib var ekki krabbameinsvaldandi

í rasH2 músamódelinu við mörk útsetningar sem er örlítið hærri en klínísk útsetning hjá mönnum við meðferðarskammta.

Rannsóknir á frjósemi hjá rottum hafa sýnt fram á minnkaða frjósemi hjá bæði karl- og kvendýrum. Auk þess kom fram vanmyndun sæðisfrumna hjá hundum við mörk útsetningar sem eru innan við klíníska útsetningu við meðferðarskammta hjá mönnum.

Rannsóknir á fósturvísis-/fósturþroska voru gerðar á rottum og kanínum. Hjá rottum olli cabozantinib fósturvísisláti, fósturbjúg, klofnum gómi/vör, vefjabresti í húð og snúnum eða vanþroskuðum hala. Hjá kanínum olli cabozantinib breytingum í mjúkvefjum fóstura (minnkun á brisi, minnkun eða tap á miðblaði lunga) og aukinni tíðni meiriháttar vansköpunar í fósturum. NOAEL mörkin fyrir eiturvekun á fósturvísis-/fósturþroska og vansköpun voru lægri en klínísk útsetning hjá mönnum við meðferðarskammta.

Ungar rottur (sambærilegar við börn >2 ára að aldri) sem fengu cabozantinib reyndust hafa hækkuð hvítfrumugildi, minnkaða blóðkornamyndun, vanþroskuð kvenkyns æxlunarfæri (án seinkaðrar leggangaopnunar), afbrigðilegar tennur, minnkun steinefna og þéttleika í beinum, litun lifrar og ofvöxt í gallrás. Einkenni í legi/eggjastokkum og minnkuð blóðkornamyndun virðast vera skammvinn en áhrif á bein og litun lifrar voru langvinn. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á ungum rottum (sambærilegum við börn <2 ára að aldri).

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Innihald hylkis

Örkristallaður sellulósi
Natríum kroskarmellósi
Natríumsterkju glýkólat
Vatnsfrí kísilkvoðulausn
Sterínsýra

Hylki

Gelatín
Svart járnnoxíð (E172) (20 mg hylki eingöngu)
Rautt járnnoxíð (E172) (80 mg hylki eingöngu)
Títantvíoxíð (E171)

Prentblek

Skellakk
Svart járnnoxíð (E172)
Própýlenglýkól

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

3 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

6.5 Gerð fláts og innihald

PVC/PE/PCTFE-álþynnur innsiglaðar með álfilmu, í ytra, hitainnsigliðu umbúðasjaldi.

Hvert þynnusjald inniheldur annað hvort:

7 x 20 mg og 7 x 80 mg hylki (100 mg skammtur á dag í 7 daga)

21 x 20 mg og 7 x 80 mg hylki (140 mg skammtur á dag í 7 daga)

28 daga pakkning sem inniheldur:

56 hylki (4 þynnuspjöld með 7 x 20 mg og 7 x 80 mg) (100 mg skammtur á dag í 28 daga)

112 hylki (4 þynnuspjöld með 21 x 20 mg og 7 x 80 mg) (140 mg skammtur á dag í 28 daga)

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Ipsen Pharma
65 quai Georges Gorse
92100 Boulogne-Billancourt
Frakkland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMÉR

EU/1/13/890/002 7 x 20 mg og 7 x 80 mg hylki (100 mg skammtur á dag í 7 daga)

EU/1/13/890/003 21 x 20 mg og 7 x 80 mg hylki (140 mg skammtur á dag í 7 daga)

EU/1/13/890/005 56 hylki (4 þynnuspjöld með: 7 x 20 mg og 7 x 80 mg) (100 mg skammtur á dag í 28 daga)

EU/1/13/890/006 112 hylki (4 þynnuspjöld með 21 x 20 mg og 7 x 80 mg) (140 mg skammtur á dag í 28 daga)

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis 21. mars 2014

Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 08. janúar 2018

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

VIÐAUKI II

- A. **FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**
- B. **FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN**
- C. **AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. **FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**
- E. **SÉRSTÖK SKYLDA TIL AÐ LJÚKA AÐGERÐUM EFTIR ÚTGÁFU SKILYRTS MARKAÐSLEYFIS**

A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Catalent UK Packaging Limited
Lancaster Way, Wingates Industrial Park,
Westhoughton, Bolton,
Lancashire, BL5 3XX,
Bretland

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

• Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

• Áætlun um áhættustjórnun

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

E. SÉRSTÖK SKYLDA TIL AÐ LJÚKA AÐGERÐUM EFTIR ÚTGÁFU SKILYRTS MARKAÐSLEYFIS

Þetta lyf hefur fengið markaðsleyfi með skilyrtu samþykki og í samræmi við grein 14(7) í reglugerð (EB) nr. 726/2004 skal markaðsleyfishafi ljúka eftirfarandi innan tilgreindra tímamarka:

Lýsing	Tímamörk
Skammtarannsókn (XL-184-401) (140 mg samanborið við 60 mg) hjá 112 sjúklingum með arfgeng eða stakstæð tilfelli kjarnakrabbameins í skjaldkirtli.	30. september 2020
Sjúklingar með bæði arfgeng og stakstæð tilfelli kjarnakrabbameins í skjaldkirtli geta tekið þátt í rannsókninni. Safna skal ferskum sýnum til arfgerðargreiningar úr æxlum í nýjustu meinvörpum hjá sjúklingum sem taka þátt í skammtarannsókninni. Sýnin fara í ítarlega greiningu m.t.t. RET og RAS stökkbreytinga. Sýni úr æxlisvef	

fara fyrst í vefjagreiningu, frumurækt og einangrun erfðæfnis. Gæði DNA sýnanna verða í kjölfarið metin með PCR mögnunarprófi og með Sanger raðgreiningu á RET M918T. Beðið verður um nýtt sýni ef upprunalegt sýni stenst ekki PCR próf eða Sanger raðgreiningarpróf. Næstu kynslóðar raðgreining verður gerð á RET táknröðum 10, 11 og 13-16, sem nær yfir mikinn meirihluta þekktra RET stökkbreytinga. Auk þess verða sýni metin m.t.t. stökkbreytinga í hábreytisetum RAS genanna (HRAS, KRAS og NRAS gen).

Gera verður lyfjahvarfafræðilegt mat á öllum þátttakendum (báðir skammtahópar). Niðurstöðurnar verða notaðar til að meta útsetningu fyrir cabozantinibi með 60 og 140 mg skömmtum og til að lýsa betur lyfjahvarfafræðilegum líkönum þýðisins og tengslum útsetningar og svörunar vegna cabozantinibs og hugsanlegra umbrotsefna í þessu þýði.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ÞYNNUSPJALD, 60 mg skammtur

1. HEITI LYFS

COMETRIQ 20 mg hörð hylki
Cabozantinib

2. VIRK(T) EFNI

Hvert hart hylki inniheldur cabozantinib (S)-malat sem samsvarar 20 mg af cabozantinibi.

3. HJÁLPAREFNI

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Hörð hylki
20 mg
60 mg skammtur

Pakkning fyrir 60 mg dagskammt
21 x 20 mg hylki (60 mg skammtur á dag í 7 daga)
Hver 60 mg dagskammtur inniheldur þrjú grá 20 mg hylki.

5. ADFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til inntöku.
Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.
Fylgiseðill í poka.


6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Skömmunarleiðbeiningar
Takið öll hylkin í hverri röð á sama degi án matar (sjúklingar skulu fasta í a.m.k. 2 klst. fyrir og 1 klst. eftir að hylkin eru tekin). Skráið dagsetningu fyrsta skammts.

1. Ýtið flípanum inn



2. Flettið pappírshlífinni af



3. Ýtið hylkinu í gegn um filmuna



8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.
Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Ipsen Pharma
65 quai Georges Gorse
92100 Boulogne-Billancourt
Frakkland

